

10.12.2008

Heilbrigðisnefnd.

Til Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara.

Takk fyrir að sýna mér frumvarpið. Ég get því miður ekki farið mörgum orðum um frumvarpið vegna þess hvað mér finnst það illa smíðað.

1) Ekkert liggur fyrir í frumvarpinu hvað er vísindalegt og hvað ekki og "vísindasýni" því harla óljóst hugtak. Raunin er sú að flest sýni úr lifandi skepnum, þar með talið mannskepnum, geta orðið að vísindasýnum og þar á meðal sýni sem tekin voru úr fólki í lækningaskyni (til greiningar eða til að meta árangur meðferðar) geta orðið að merktum sýnum sem stórkostleg vísindi byggjast á. Á hinn bóginn er flestum lækningasýnum fargað nokkrum vikum eftir að ákveðnar mælingar hafa verið gerðar á þeim. Stundum er sýnum safnað úr heilbrigðu fólki til þess að finna hver séu normalgildi fyrir ákveðið efni, t.d. í blóði. Slíkar mælingar eru ekki endilega vísindi en kunna að vera nauðsynlegar fyrir ákveðin efni í ákveðnum þýðum (flokkar fólks á ákveðnum stöðum). Er vísindasiðanefnd umsjónaraðili þessara sýna ef þau geymast í t.d. fimm og hálf ár?

2) Vísindasiðanefnd gæti staðið vísindastarfsemi fyrir þrifum þar eð hún þarf ekki að hafa þá sérþekkingu sem sérfræðingar þeir hafa, sem vinna störfin. Hvað þýðir það að vísindasýni skuli vera tryggilega geymd og merkt. Mælingarefni (analytes) geymast afar misjafnlega í mismunandi sýnum.

3) Í hvaða flokki lenda blóðsýni, þvagsýni ellegar vefjasýni sem tekin hafa verið vegna ráðningar einstaklinga í störf, vegna réttarlæknisfræðilegra rannsókna (grunur um ölvun, lyfjanotkun o.fl), skoðun starfsmanna á vinnustöðum, fjöldaskoðun vegna fyrirbyggjandi aðgerða, krabbameinsleit o.fl.

Virðingarfyllst,

Matthías Kjeld

Rannsóknarstofan í Domus Medica  
Egilsgötu 3, 101 Reykjavík